

84. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 27. feb. 2018.

Fundargerð

Fundurinn haldinn hjá Austurbrú á Reyðarfirði og hófst kl. 14:00.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar á staðinn: Jón Björn Hákonarson (JBH), Sigrún Blöndal (SB), Gauti Jóhannesson (GJ), Sveinn Jónsson (SJ).

Forföll boðaði Sæunn Stefánsdóttir (SS) og ekki komust varamenn í hennar stað.

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Skúli Björn Gunnarsson, formaður starfsháttanefndar, Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri og Elías Bj. Gíslason forstöðumaður gæða- og þróunarsviðs Ferðamálastofu.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 83
2. Samningur við SSA
3. Samningur vegna SV-Aust
4. Ársreikningur Austurbrúar
5. Ársfundur Austurbrúar
6. Samningur vegna brothættra byggða
7. Orlofsmál stjórnenda
8. Samningar við ferðamálastofu
9. Önnur mál
 - Móttaka og menntunarúræði fyrir flóttamenn

Formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Staðfesting fundargerðar nr. 83

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 83.

2. Samningur við SSA

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að samningi enda er búið að yfirfara þau af hálfu formanns SSA. Framkvæmdastjóra falið að undirrita samninginn þegar samþykkt liggur fyrir hjá stjórn SSA.

3. Samningur vegna SV-Aust

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög með þeim breytingum sem fram komu á fundinum. Framkvæmdastjóra falið á ganga frá málinu á grundvelli þessa ef sammingsdrögin verða samþykkt hjá stjórn SV-Aust.

4. Ársreikningur Austurbrúar

Drög að ársreikningi lögð fram til kynningar. KPMG vinnur að endurskoðun og reiknað er með að endanlegur reikningur liggi fyrir á fundi stjórnar þann 12. mars nk.

5. Ársfundur Austurbrúar

Skúli Björn Gunnarsson formaður starfsháttanefndar mætti til fundarins.

Starfsháttanefnd leggur til við stjórn Austurbrúar ses. að í ljósi aðstæðna verði skipulagsskrárbundnum dagskrárliðum ársfundar númer 4., 5. og 6. frestað á ársfundi í vor og haldinn verði framhaldsársfundur í haust eftir aðalfund SSA þar sem þessir dagskrárliðir verði teknir fyrir:

- 4) Breytingar á skipulagsskrá (ef við á)
- 5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses. (ef við á)
- 6) Kosningar:
 - A. Kjör stjórnar
 - B. Kjör endurskoðenda
 - C. Kjör starfsháttanefndar
 - D. Kjör síðanefndar

Stjórn samþykkir tillögu starfsháttanefndar og felur framkvæmdastjóra að boða til ársfundarinnar þann 20. mars á þessum grunni. Stefnt skal að því að halda framhaldsársfund Austurbrúar þann 25. september 2018.

Skuli Björn Gunnarsson vék af fundi að loknum þessum lið

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að ráðstefnu um menntamál í tengslum við ársfund Austurbrúar þann 20. mars. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu á grundvelli umræðna á fundinum.

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar fundargerð hagsmunaaðilafundar Austurbrúar sem haldinn var 19. febrúar 2018.

6. Samningur vegna brothættra byggða

Framkvæmdastjóri lagði fram samningsdrög vegna innkomu Borgarfjarðar Eystri inn í verkefnið Brothættar byggðir. Stjórn staðfestir samþykkt sem þegar hafði átt sér stað í tölvupóstsamskiptum á milli funda. Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn ferlið sem átti sér stað varðandi auglýsingu og ráðningu verkefnastjóra í verkefnið.

7. Orlofsmál stjórnenda

Formaður stjórnar hefur skoðað orlofsmál stjórnenda í framhaldi af umræðu á fyrri stjórnarfundum. Stjórn felur formanni að ganga frá málum í samræmi við umræðu á fundinum. Stjórn telur brýnt að stjórnendur taki frí þannig að ekki safnist upp ótekið orlof enda er gert ráð fyrir því í samningum við starfsmenn að yfirvinna sé tekin út í frídögum.

8. Samningar við markaðsstofur

Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri og Elías Bj. Gíslason forstöðumaður gæða- og þróunarsviðs Ferðamálastofu mættu til fundar.

Ferðamálastjóri fór yfir stöðu mála er varðar samningagerð við markaðsstofurnar og sína sýn í þessum málum. Stjórn leggur á það áherslu að fjármunir sem hugsaðir eru til reksturs markaðsstofa landshlutanna skili sér þangað strax á árinu 2018 og skrifað verði undir samning til lengri tíma frá og með árinu 2019. Sveitarfélög á Austurlandi hafa undanfarið lagt töluverða fjármuni til eflingar á starfinu og ríkið hafi heitið því að gera slíkt hið sama í

stjórnarsáttmálanum. Mikilvægt sé að gengið sé frá samningum hið fyrsta svo sem minnst röskun verði á starfsemi.

Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri og Elías Bj. Gíslason forstöðumaður gæða- og þróunarsviðs yfirgáfu fundinn að loknum þessum lið. Var þeim í framhaldinu boðið að sitja fund svæðisráðs DMP til að kynna sér verkefnið Austurland.*

9. Önnur mál

- Móttaka og menntunarræði fyrir flóttamenn
Formaður stjórnar fór yfir stöðu mála í tengslum við komu flóttamanna til Fjarðabyggðar. Austurbrú mun sinna kennslu í móttökuskóla og setja upp sérstakt íslenskunámskeið á grundvelli samninga við Fjarðabyggð sem þjónustukaupa. Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri skrifi bréf til félagsmálaráðuneytisins og útskýri stöðu varðandi hugsanlega þörf á frekara fjármagni til menntunarræða fyrir þennan hóp umfram það sem er í núverandi samningum milli Austurbrúar og Fjarðabyggðar. Ábyrgð á frekara fjármagni til verkefnisins mun þó vera á ábyrgð Fjarðabyggðar sem þjónustukaupa hjá Austurbrú vegna verkefnisins.

Næsti fundur stjórnar verður þann 5. mars 2018 á Egilsstöðum kl. 15:00 – 16:30. Um sameiginlegan fund stjórnna SSA og Austurbrúar er að ræða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:10.

Jón Björn Hákonarson

Sigrún Blöndal

Sveinn Jónsson

Gauti Jóhannesson